

Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2012

Tilvísun: 201204042 /,

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, mál 727

Skipulagsstofnun barst tölvupóstur, dags. 25. apríl 2012 frá atvinnuveganefnd Alþingis með ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og var gefinn umsagnarfrestur til 8. maí. sl. Skipulagsstofnun óskaði eftir frekari fresti og fékk frest til 11. maí til að skila inn umsögn.

Skipulagsstofnunin bendir á að gera þarf grein fyrir nýtingar-, bið- og verndarflokkum í skipulagsáætlunum sveitarfélaga og hafa þeir allir takmarkandi áhrif á skipulag og leyfi til framkvæmda sbr. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Sveitarfélögunum ber skylda til að að samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar – orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna kemur fram að mikilvægt sé að tryggja eftirfylgd og framkvæmd áætlunarinnar og huga að undirbúningi og framkvæmd friðlýsinga. Skipulagsstofnun vill bæta því að huga þarf vel að því hvernig svæðin verða skilgreind í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga og hvað verði heimilt að gera innan þeirra og hvað ekki.

Í drögum að nýrri skipulagsgerð, sem væntanlega tekur gildi í næsta mánuði er kveðið nánar um hvernig sveitarfélög skuli samræma skipulagsgerð við verndar- og orkunýtingaráætlun. Í reglugerðinni er kveðið á um að við skipulagsgerð skuli sveitarstjórn sýna hvernig skipulagið hafi verið samræmt gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun en til að auðvelda þá samræmingu þarf að vera skýrt hvaða takmarkanir áætlunin er að setja.

Erna Hrönn Geirsdóttir